

Ár 2023, þriðjudaginn 13. júní, er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnum Andra Val Ívarssyni, Björgu Ástu Þórðardóttur og Þresti Ríkharðssyni.

**Fyrir er tekið málið nr. 8/2023:**

Knattspyrnudeild KR  
gegn  
Knattspyrnudeild Fylkis.

Gögn málsins liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

**ÚRSKURÐUR:**

**I.**

**Aðilar máls:**

Kærandi:

Knattspyrnudeild KR

Fyrirsvarsmaður: Bjarni Guðjónsson

Kærði:

Knattspyrnudeild Fylkis

Fyrirsvarsmaður: Arnar Þór Jónsson

Mál þetta er mótttekið af skrifstofu KSÍ 16. maí 2023.

**II.**

**Kröfur:**

Kærandi krefst þess að knattspyrnuliði KR í mfl. kvenna verði dæmdur 3-0 sigur í leik liðsins gegn Fylki er fram fór þann 12. maí 2023 í Lengjudeild kvenna.

Af hálfu kærða er þess krafist að kröfum kæranda verði hafnað og að úrslit leiks KR og Fylkis sem fram fór þann 12. maí sl. verði látin standa óhögguð.

**III.**

**Málsatvik:**

Í greinargerð kæranda kemur eftirfarandi fram:

*„Í leiknum sem fram fór föstudaginn 12. maí síðastliðinn var skráð á leikskýrslu Birna Kristín Einarsdóttir sem liðsstjóri.*

*Hún var ekki skráð meðal varamanna liðs Fylkis en félagið hafði skráð 7 aðra leikmenn sem varamenn á leikskýrslu.*

*Á 85. mínútu leiksins var Birnu Kristínu hins vegar skipt inn á í stað Birtu Margrétar Gestsdóttur.*

*Þessi skipting var félaginu óheimil enda tiltekið í gr. 9.6. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót að hámarksfjöldi varamanna í leik skulu vera 7. Fylkir hafði skráð 7 varamenn en skipti inni á leikmanni sem ekki var tilgreindur meðal þeirra varamanna.*

*Ætlar kærandi að þessi skipting hafi verið ólögleg og því þess krafist að KR verði dæmdur 3-0 sigur.“*

*Um ólöglega skipað lið ræðir í gr. 36.1. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót. Þar segir*

*Lið, sem mætir ólöglega skipað til leiks og félag sem notar leikmann í leikbanni, telst hafa tapað leiknum með markatölunni 0-3 nema tap hafi verið stærra, þá skal sú markatala ráða. (...). Lið, sem mætir ólöglega skipað til leiks, skal sæta sekt að upphæð allt að kr. 75.000 (...)*

*Með hliðsjón af fyrrgreindum lagagreinum og með vísan til málavaxta er ljóst að lið Fylkis var ólöglega skipað.“*

Í greinargerð kærða kemur eftirfarandi fram:

*„Málavextir eru þeir að við undirbúning leiks liðanna þann 12. maí sl. var forskráð leikskýrsla Fylkis sen in á rafrænan hátt hjá KSÍ eins og krafist er af KSÍ. Þar var tiltekið að varamaður væri nr. 6, Sara Dögg Áspórsdóttir. Um klukkustund fyrir leik mat sjúkrahjálfari Fylkis að framangreindur leikmaður, Sara Dögg væri ekki leikhæf sökum meiðsla og þurfti hún því að hætta við þátttöku í leiknum. Þjálfari Fylkis gerði þá breytingu á leikskýrslu á vef KSÍ, þurfti að gera einhverjar 2-3 tilraunir til að ná henni rétttri. Tókst að breyta leikskýrslunni, og var það athugað á vef KSÍ, ksi.is, þar sem breyting hafði skilað sér þar inn og jafnframt hafði hún skilað sér inn á vef urslit.net. Þá var haft samband við dómara leiksins um 50 mínútum fyrir upphaf leiksins og honum tjáð að breyting yrði gerð frá rafrænni leikskýrslu og að nr. 17., Birna Kristín Eiríksdóttir tæki stöðu hennar sem varamaður í leiknum, en Birna hafði verið skráð sem liðsstjóri og með töluna 17, sem slíkur. Dómari leiksins samþykkti að sjálfsgöðu þá breytingu og var strikað yfir nafn leikmanns nr. 6, Söru Daggar, og fært inn nafn Birnu Kristínar nr. 17. Dómari leiksins, Helgi Edvard Gunnarsson, samþykkti þá breytingu án athugasemda.*

*Svo virðist sem, vegna einhverra tæknilegra örðugleika á heimasíðu KSÍ, að breyting á skráningu leikskýrslu framkvæmda af þjálfara Fylkis, hafi aftur færst í fyrra horf. Dómari leiksins færði sjálfur inn breytingu á hinni skriflegu leikskýrslu, sbr. meðfylgjandi fylgiskjal nr. 1, þar sem nr. 17, Birna Kristín var færð inn sem varamaður á leikskýrslunni. Leikmaður nr. 17 tók svo þátt í leiknum sem varamaður og kom inn á leikvöllinn á 85 mínútu eins og leikskýrsla dómara greinir. Leikmaður nr. 17, Birna Kristín Eiríksdóttir er leikmaður Fylkis og skráð sem slíkur. Engar athugasemdir voru gerðar fyrir leikinn af hálfu dómara enda fyllilega heimilt að breyta skýrslunni fyrir leik áður en skýrsla er endanlega afhent dómara leiks. Þar sem strikað var yfir nafn Söru Daggar og Birnu Kristínar sett þar í staðinn uppfyllti leikskýrsla þau formsatriði að varmenn væru 7 á leikskýrslunni og ekki fleiri en það.*

*Engar breytingar voru gerðar á leikskýrslu eftir að leikur hófst.*

*Með vísan til ofangreinds hafnar Íþróttafélagið Fylkir því alfarið að hafa með nokkru móti gerst brotlegt við framkvæmd leiksins. Afhending leikskýrslu var eftir þeim reglum og áratugalangri venju sem um leikskýrslu gilda. Öllum reglum 9. greinar reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót er fylgt í hvívetna. Leikskýrsla á leikstað er það gagn sem fara skal eftir við framkvæmd leik og við alla meðferð upplýsinga um leikinn. Forskráð leikskýrsla getur ekki gengið framur hinni rituðu leikskýrslu sem skilað er á leikstað með nokkrum hætti. Tæknilegir örðugleikar sem ekki varða kærða í málinu heldur KSÍ sem framkvæmdaraðila mótsins, geta ekki valdið því að leikskýrsla sé ólögleg enda hið skriflega eintak rétt útfyllt og afhent dómara leiksins, með útskýringum á breytingu, á leikstað fyrir upphaf leiksins.*

*Íþróttafélagið Fylkir hafnar því alfarið að þann 12. maí sl. hafi kvennalið félagsins mætt ólöglega skipað til leiks, sbr. 36.1, reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót eða að reglur 9. gr. reglugerðarinnar, um leikskýrslur, hafi verið brotnar.“*

#### IV.

#### Niðurstaða:

Málið varðar útfyllingu á leikskýrslu fyrir leik KR og Fylkis í Lengjudeild kvenna sem fram fór þann 12. maí sl. Leikskýrsla leiksins var útfyllt af hálfu beggja liða, hún undirrituð og forskráð á vef KSÍ. Ekki er um það deilt að tæpri klukkustund fyrir upphaf leiksins hafi Fylkir gert breytingu á leikskýrslu vegna varamannsins, Söru Daggar Árnadóttur sem var óleikfær. Í stað Söru Daggar hafi Birna Kristín Eiríksdóttir verið skráð sem varamaður á leikskýrslu hjá Fylki. Birna Kristín hafði áður verið skráð á sömu leikskýrslu í liðsstjórn hjá Fylki. Í gögnum málsins liggur fyrir staðfesting frá dómara leiksins, Helga Edward Gunnarssyni, að breyting hafi verið tilkynnt dómara og færð inn á útprentað og undirritað eintak af leikskýrslu. Afrit af útprentaðri leiksskýrslu sem dómari vísar til er hluti af gögnum málsins. Dómari getur þess einnig í staðfestingu sinni að liðsstjóri KR hafi gert athugasemd við þetta að leik loknum þar sem Birna Kristín hafði fyrir breytingu á leikskýrslu verið skráð í liðsstjórn hjá Fylki. Þá liggur fyrir að áðurnefnd breyting á leikskýrslu hafi í fyrstu ekki verið birt með réttum hætti í gagnagrunni KSÍ.

Um gerð leikskýrslu er vísað til í 9. grein reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót. Í ákvæðinu er ekki fyrir að finna leiðbeiningar um breytingar á leikskýrslu í aðdraganda knattspyrnuleikja. Hins vegar segir í grein 1.4. í reglugerðinni að stjórn KSÍ geti sett nánari reglur og leiðbeiningar um einstök mót og framkvæmd leikja. Í Handbók leikja 2023, sem samþykkt var af stjórn KSÍ í samræmi við fyrrnefnda grein 1.4., er fjallað um skráningu úrslita og leikskýrslu. Þar segir um breytingu á leikskýrslu, í tilviki varamanna, eftir að útfyllingu er lokið, skýrslan undirrituð og skilað til dómara að geti einhver varamanna ekki leikið vegna óvæntra meiðsla/veikinda skuli strikað yfir nafn varamanns á leikskýrslu og í hans stað færa inn leikmann sem ekki var skráður á upphaflega leikskýrslu.

Því verður ekki annað séð en að við breytingu þá sem gerð var á leikskýrslu af hálfu Fylkis hafi leiðbeiningum í Handbók leikja 2023 verið fylgt. Hvorki Handbók leikja 2023 né reglugerð KSÍ um knattspyrnumót standa því í vegi að einstaklingur sem skráður hefur verið í liðsstjórn á leikskýrslu geti með breytingu fyrir upphaf leiks verið skráður sem varamaður, enda aðeins gert ráð fyrir því að í stað varamannsins komi einstaklingur sem ekki hafi verið skráður meðal leikmanna á upphaflegu leikskýrsluna.

Óumdeilt er að sá leikmaður sem tók þátt í leik KR gegn Fylki fyrir hönd Fylkis en var ekki skráð á meðal leikmanna á leikskýrslu í fyrstu, Birna Kristín Eiríksdóttir, var hlutgeng til þátttöku í þeim leik, sbr. 3. grein reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót. Var því lið Fylkis löglega skipað til leiks og verður ekki gert að sæta viðurlögum á grundvelli óhlutgengis skv. grein 36.1. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

Kröfum kæranda um að KR verði úrskurðaður 0-3 sigur í leik gegn Fylki í Lengjudeild kvenna er því hafnað.

#### IV.

#### **Úrskurðarorð:**

Úrslit í leik KR og Víkings R. í Lengjudeild kvenna, sem fram fór þann 12. maí 2023, skulu standa óhögguð.

#### **Um Áfrýjun:**

Samkvæmt grein 16.3. í reglugerð KSÍ um aga-og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 3 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.

Andri Valur Ívarsson [sign]

Björg Ásta Þórðardóttir [sign]

Þröstur Ríkharðsson [sign]